

Upphaf vetrarstarfsins, síðasta guðsþjónustan í Lindaskóla

Eins og frá er greint á forsiðu blaðsins var fyrsta guðsþjónusta vetrarins haldin í Lindaskóla 10. september. Um leið var skólinn kvaddur að því leyti að þar hefur söfnuðurinn haft athvarf fyrir helgihaldið á sunnudögum síðastliðna fjóra vetur en flytur í Salaskóla. Af þessu tilefni færði söfnuðurinn Lindaskóla áritaða Biblíu að gjöf sem Gunnsteinn Sigurðsson skólastjóri veitti viðtöku úr höndum Arnórs Pálssonar sóknar- nefndarformanns.

Kór Lindakirkju leiddi safnaðarsönginn undir stjórn Keith Reed. Sr. Bryndís Malla Elíðóttir prédikaði en sr. Guðmundur Karl Brynjarsson leiddi helgihaldið.

Fjöldi barna sótti sunnudagaskólann en í Lindasókn er sá háttur hafður á að ungir og gamlir koma saman í upphafi guðsþjónustunnar en þegar börnin hafa staðið upp og sungið halda þau á sinn stað í sunnudagaskólann. Við kveðjum Lindaskóla með þakklæti og söknuði en hlökkum jafnframt til að koma saman á nýjum stað í Salaskóla sem einkum hefur þá kosti að vera meira miðsvæðis og nær Lindakirkju, þar sem hún mun rísa.

Suður með sjó í súpu og brauð, sitt af hvoru tagi

Súpusamverur fyrir eldri borgara eru hafnar að nýju. Sú fyrsta var haldin síðastliðinn fimmtudag, að venju í Veislusalnum Glaðheimum, Félagsheimili Hestamannafélagsins Gusts, Álalind 3. Síðastliðið vor lauk súpusamverunum á skemmtilegri ferð suður með sjó. Veðrið lék sannarlega við ferðalangana sem skoðuðu Duus safnið í Keflavík, sem er bæði fjölbreytt og athyglisvert safn. Þá var boðið upp á dýrindis súpu á Kaffi Duus. Áður en haldið var heim var ekið til Sandgerðis þar sem sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir, þá starfandi sóknarprestur, og Reynir Sigurðsson tóku á móti hópnunum með virktum og góðum veitingum í Safnaðarheimili Sandgerðis.

Dagskrá súpusamvera til áramóta:

19. október Borgin við vogana tvo. Sýnd verður heimildarmynd frá 1981 sem gerð var í tilefni af 25 ára afmæli Kópavogsbæjar. Þulur er Róbert Arnfinnsson.

16. nóvember Hvað er að fréttu af kirkjubyggingu? Arkitektar og byggingarnefnd Lindakirkju flytja fréttir.

14. desember Þorvaldur Halldórsson í jólaskapi.

AA

Stofnuð hefur verið *Opin fjölskyldudeild AA* samtakanna. Fundir eru haldnir alla föstudaga kl. 20 í Safnaðarheimili Lindasóknar.

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

2. tbl. 4. árg. HAUST 2006

Helgihaldið flytur í Salaskóla

Vetrarstarfið í Lindasókn hófst formlega. Einnig var á sumarmánuðum ráðinn nýr sunnudaginn 10. september með guðsþjónustu í tónlistarstjóri til safnaðarins, Keith Reed.

Lindaskóla. Sú guðsþjónusta vetrarins var jafnframt sú síðasta í Lindaskóla, en þar hefur söfnuðurinn fengið inni með guðsþjónustur og sunnudagaskóla frá upphafi starfs síns eða í fjóra vetur. Nánar er greint frá þessum atburði annars staðar í blaðinu.

Framvegis verður helgihald safnaðarins á sunnudögum í Salaskóla, en fyrsta guðsþjónustan þar var haldin sunnudaginn 17. september.

Fleiri breytingar hafa orðið yfir sumarmánuðina því annar prestur er tekinn til starfa við hlið sr. Guðmundar Karls, það er sr. Bryndís Malla Elíðóttir,



Frá vinstri: Keith Reed tónlistarstjóri, sr. Bryndís Malla Elíðóttir, Sigríður Kjartansdóttir meðhjálpari og sr. Guðmundur Karl Brynjarsson

Fastir liðir í vetur

Sunnudagar

- Kl. 11:00 Sunnudagaskóli og guðsþjónusta í Salaskóla
- Kl. 20:00 KFUM & K fyrir 8. bekk í Safnaðarheimili Lindasóknar.

Mánudagar

- Kl. 16-17 KFUM fyrir 9-12 ára drengi í Safnaðarheimilinu

Þriðjudagar

- Foreldramorgnar í Safnaðarheimilinu kl. 10-12
- KFUM&K fyrir 9.-10. bekk í Safnaðarheimilinu kl. 19:30-21:00

Miðvikudagar

- Kl. 19 Alfa námskeið miðvikudagana 27. 9.-22.11.

Fimmtudagar

- Kl. 20 Kóræfingar kirkjukórsins í Salaskóla.

Föstudagar

- Kl. 17-18 KFUK fyrir 9-12 ára stúlkur í Safnaðarheimilinu.



Fermingarnámskeið fyrir fullorðna

Kynningarfundur á Alfa námskeiði í Safnaðarheimili Lindasóknar miðvikudagskvöldið 27. september kl. 20:00
Sjá nánar annars staðar í blaðinu og á www.lindakirkja.is



FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson. Fréttabréfið er gefið út í 2700 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.

Netföng og símanúmer

Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur. Netfang: guðmundur.karl@lindakirkja.is
Bryndís Malla Elíóttir, prestur, Netfang: bryndismalla@lindakirkja.is
Keith Reed organisti og kórstjóri. Netfang: keith@lindakirkja.is
Sigríður Kjartansdóttir, meðhjálpari og húsvörður í safnaðarheimilinu. Netfang: sigridur@lindakirkja.is
Safnaðarheimili Lindasóknar s. 544 4477. Netfang lindakirkja@lindakirkja.is



Fermingarfræðslan í Lindasókn hófst að venju á fermingarnámskeiði í Vatnaskógi dagana 6.-8. september. Fermingarbörn í Lindasókn hafa aldrei veirið fleiri, eða 111. Því þurfti hópurinn að sækja námskeiðið í tvennu lagi. Í kjölfar námskeiðanna í Vatnaskógi var haldin kvöldvaka fyrir þau og foreldra þeirra í Hjallakirkju, en þar munu þau fermast næsta vor.

Fermingarbörnin mæta til prestanna í fræðslutíma hálfsmánaðarlega og sitja klukkustund í senn. Í nóvember munu þau taka þátt í sameiginlegri söfnun fermingarbarna fyrir Hjálparstarf Kirkjunnar. 6. nóvember næstkomandi kl. 17:30-20:00. Tökum vel á móti þeim og styðjum gott málefni. Meðfylgjandi hópmynd er af væntanlegu fermingarbörnum úr Lindaskóla.

SKÍRN

Eyrún Ólöf var skirð 13. apríl heima hjá ömmu og afa í Kaldaseli. Foreldrar hennar eru Ástríður Jónsdóttir og Ívar Gunnarsson.

Helga Sunneva og Hólmfríður Sýlvía voru skirðar 20. apríl heima hjá ömmu og afa á Digranesveginum. Foreldrar þeirra eru Sigrún Jenny Barðadóttir og Haraldur Haukur Þorkelsson.

Sara Dögg var skirð 29. apríl. Foreldrar hennar eru María Björg Benediktisdóttir og Ágúst Kristmanns. Eldri systkini Söru Daggar eru Ásta Marý 8 ára og Ingi, sem er alveg að verða 5 ára.

Hrafnhildur Freyja var skirð 6. maí heima í Glósólum 7. Foreldrar hennar eru Halldóra Ingunn Magnúsdóttir og Einar Ísfeld Ríkhartsson. Stóra systir Hrafnhildar Freyju er Aldís María, þriggja ára.

Veigar Már var skirður 7. maí heima í Lómasölum 10. Foreldrar hans eru Rakel Petrea Finnisdóttir og Brynjar Sverrisson. Gabríel Logi, heitir stóri bróðir Veigars Márs.

Andri Þór er var skirður 20. maí heima í Núpalandi 8. Foreldrar hans eru Þórdís Ómarsdóttir og Bóðvar Örn Kristinnsson. Bróðir Andra Þórs, Ívar Örn er 8 ára.

Eva var skirð 21. maí heima í Funalind 3. Foreldrar hennar eru Sandra Björk Axelsdóttir og Halldór Kristinnsson. Kristinn, bróðir Evu, er þriggja ára.

Haraldur Björgvin var skirður í Hjallakirkju 10. júní. Foreldrar hans eru Brynhildur Olga Haraldsdóttir og Eysteinn Pétur Lárusson. Stóri bróðir Haraldar Björgvins er Rúnar Ingi þriggja ára.

Elin Gróa var skirð 18. júní heima í Glósólum 6. Foreldrar hennar eru Anna Margrét Bridde og Elvar Már Birgisson. Systkini hennar eru María Dögg 12 ára og Friðrik Már tveggja ára.

Róbert Steinn var skirður 24. júní heima í Blásólum 19. Foreldrar hans eru Jóhanna Soffía Birgisdóttir og Pétur Smári Sigurgeirsson. Róbert Steinn á tvær eldri systur sem heita Silja Rós 9 ára og Ástrós Birta 3 ára.

Hákon Hilmir var skirður 24. júní heima í Háulind 23. Foreldrar hans eru Áslaug Lind Guðmundsdóttir og Arnar Kristinnsson. Eldri bræður Hákonis Hilmis eru Stefán Orri 9 ára og Kristinn Hugi 4 ára.

Tinna Hjördís var skirð 25. júní heima í Einnishverfi 19. Foreldrar hennar eru Björk Ólafsdóttir og Hörður Már Gylfason. Bræður hennar eru Bjarki 8 ára og Gyllfi Már þriggja ára.

Helena var skirð heima hjá ömmu og afa í Garðabænum 13. ágúst. Foreldrar hennar eru Heiðrún Ragnarsdóttir og Ragnar Freyr Magnússon

Ólafur Orri var skirður í Digraneskirkju 27. ágúst. Foreldrar hans eru Auðbjörg Sigurðardóttir og Pétur Björn Pétursson.

Ásdís Birta var skirð í Digraneskirkju 27. ágúst. Foreldrar hennar eru Hólmfríður Ása Guðmundsdóttir og Sigurgeir Már Halldórsson. Bróðir Ásdísar Birtu er Arnar Freyr þriggja ára.

Alexander var skirður í Digraneskirkju 27. ágúst. Foreldrar hans eru Helen Hjartardóttir og Þór Rúnar Þórisson.

Kjartan var skirður í Silfrastaðakirju í Árbæjarsafni 27. ágúst. Foreldrar hans eru Guðrún Margrét Eysteinsdóttir og Hallmundur Albertsson. Systkini Kjartans eru Ísak 9 ára og Áróra 5 ára.

Vilborg Ágústa var skirð heima hjá ömmu og afa á Álfanesinu 2. september. Foreldrar hennar eru Sigrún Ásmundsdóttir og Óskar Róbertsson.

Hörður Már var skirður 3. september heima í Miðsólum 1. Foreldrar hans eru Hanna Rúna Harðardóttir og Þórir Valgarð Bragason. Bróðir Harðar Márs er Tómas Orri tveggja ára.

Silja Líf var skirð 23. september heima í Fjallalind 119. Foreldrar hennar eru Berglind Jónsdóttir og Eiður Ottó Guðlaugsson. Bróðir Silju Líf er Ágúst Örn 6 ára.

Við bjóðum nýjan prest og nýjan tónlistarstjóra velkomin til starfa!

Bryndís Malla Elíóttir



er héraðsprestur í Reykjavíkprófastdæmi eystra, en hluti af þjónustu hennar lýtur að Lindasókn. Hún er 37 ára gömul, fædd og uppalin í Reykjavík. Hún vígðist sem prestur í Hjallakirkju árið 1995 og starfaði þar við hlið sr. Kristjáns Einars Þorvarðarsonar. Bryndís Malla var sóknarprestur á Kirkjubæjarklaustri um nokkurra ára skeið en hefur starfað sem héraðsprestur í eitt ár. Hún á tvö börn og er búsett í Reykjavík.

Keith Reed



er nýráðinn tónlistarstjóri Lindasóknar. Keith er fæddur 1959 og er Bandaríkjamaður, óperusöngvari og kórstjóri að mennt. Hann hefur búið hér á landi í 10 ár. Fyrstu árin hér starfaði hann sem stjórnandi Kammerkórs Austurlands og sem listrænn stjórnandi Óperustúdíós Austurlands. Undanfarin tvö ár hefur hann starfað sem listrænn stjórnandi KFUM og K í Reykjavík og sem tónlistarstjóri við Breiðholtskirkju. Eiginkona hans er Ásta Bryndís Schram. Þau eiga fimm börn og eru búsett í Kópavogi.

Alfa-námskeið

Miðvikudagskvöldið 27. september kl. 20 verður haldin kynning á fyrirhuguðu *Alfa* námskeiði í Safnaðarheimili Lindasóknar. Sjálft námskeiðið hefst svo viku síðar kl. 19 á sama stað. Um er að ræða 10 vikna námskeið þar sem tekist er á við ýmsar krefjandi spurningar um kristna trú og tilgang lífsins.

Þátttaka í *Alfa* námskeiði býður upp á gefandi og gott samfélag. Gefðu þér tíma og tækifæri til að upplifa nýja hluti og ósvikin lífsgæði. Kennarar á námskeiðinu eru prestar safnaðarins og Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu safnaðarins www.lindakirkja.is



Lindasókn heldur fundi fyrir börn og unglinga í vetur í samstarfi við KFUM og KFUK. Fundirnir fara fram í Safnaðarheimili Lindasóknar. Fundir fyrir 9-12 ára stráka eru á mánudögum kl. 16-17. Umsjónarmaður er sr. Guðni Már Harðarson. Fundir fyrir 9-12 ára stelpur eru á föstudögum kl. 17-18. Ástríður Jónsdóttir hefur umsjón með því starfi eins og tvö undanfarin ár. Rúta ekur um hverfin fyrir og eftir fundi. Á mánudögum frá Vatnsendaskóla kl. 15:30, er við Hörðuvallaskóla kl. 15:40 og við Lindaskóla kl. 15:50. Á föstudögum við Vatnsendaskóla kl. 16:30, Hörðuvallaskóla kl. 16:40 og við Lindaskóla kl. 16:50.

Í vetur verður verður enn meira í boði en áður fyrir unglinga. Sunnudaga kl. 20-21:30 verður boðið upp á æskulýðsfélag fyrir 8. bekk, umsjónarmaður er Jón Ómar Gunnarsson. Á þriðjudögum kl. 19:30-22:00 er æskulýðsstarf ætlað unglingum í 9. og 10. bekk. Einar Helgi Ragnarsson og Hjördís Rós Jónsdóttir eru umsjónarmenn með því starfi.

JÓLAKORT MED MYND AF KIRKJUNNI

Fyrir næstu jól verða seld jólakort þrýdd mynd af væntanlegri Lindakirkju. Áætlað er að byggingarframkvæmdir hefjist á fyrstu mánuðum ársins 2007 en þeim ljúki upp úr miðju ári 2008.

Sala jólakortanna verður kynnt nánar þegar nær dregur.

